

Nd.

343. Framhaldsnefndarálit

um frumv. til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfríðnum.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Háttvirt efri deild hefir vikið nokkuð við orðalagi i annari málsgrein 3. gr. frumv. En þar sem svo mun mega lita á, að sú háttv. deild hafi verið sama sinnis og neðri deild i því, að ekki sje ástæða til að hefta útflutning á aðalafurðum landsins, sem nú eru i góðu gengi á erlendum markaði, fyr en óttast má matvælaskort vegna aðflutningsteppu, þá getum við fallist á að þessi málsgrein verði samþykkt óbreytt.

Þá hefir háttv. efri deild bætt inn i 3. gr. banni um að flytja út úr landinu mör og tólg, og teljum við eftir atvikum, að það sje vel ráðið, enda er þá því minni nauðsyn á að hefta útflutning á öðrum afurðum á meðan að svo standa sakir, að ekki er að óttast að aðflutningur á erlendum matvælum heftist.

Að þessu athuguðu, ráðum við háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 14. ágúst 1915.

Þorleifur Jónsson, Benedikt Sveinsson.
skrifari.